

Fiskeldi Austfjarða hf. (áður ehf.)
bt. Jónatan Þórðarson / Ólöf Rún Stefánsdóttir
Bakka 4
765 Djúpivogur

Reykjavík, 4. október 2019
UST201901-257/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 9. september sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika sem skráð voru í eftirliti dags. 4. júlí 2019. Þann 27. september sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Tilkynna þarf stofnuninni hvenær seiði verði sett út með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Rekstraraðili tilkynnti UST ekki um útsetningu seiða í júní sl. með tveggja vikna fyrirvara. **Tilkynnt var 1. ágúst sl. um útsetningu seiða þann 15. ágúst og frávikinu telst því lokið.**
2. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda sem unnin er á grundvelli áhættumats sbr. 18. gr. laga 33/2004 skal liggja fyrir. Áhættumat hefur ekki verið gert fyrir starfseminna. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er áhættumat í vinnslu og er áætlað að skila gögnunum 1. desember 2019.**
3. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Vakta skal helstu umhverfisþætti í nágrenni kvía og skal það gert samkvæmt gildandi vöktunaráætlun. Ekki er starfað í samræmi við gildandi vöktunaráætlun. Nánari útlitun á umfangi er í eftirlitsskýrslu undir *Umfang eftirlits*. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila hyggst rekstraraðili skila efnaskýrslu sem samsvarar vöktunaráætlun og uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til slíkra áætlana. Fyrsta útsetning var í júní 2019 og mun því fyrsta prufutaka skv. vöktunaráætlun fara fram haustið 2019.**
4. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Vöktunaráætlun skal uppfylla skilyrði sem tiltekin eru í gr 5.1 í starfsleyfi. Gildandi vöktunaráætlun uppfyllir ekki kröfur starfsleyfis. Nánari útlitun á frávikum er undir eftirlitsskýrslu undir *Umfang eftirlits*. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila mun uppfærðri vöktunaráætlun vera skilað til stofnunarinnar 1. desember og verður hún tekin í notkun fyrir 1. maí 2020.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands